

Ágæti lesandi

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hefur starfað í rúmlega tvö og hálf t ár, fyrst sem minnihlutastjórn en í meirihluta frá maí 2009. Þessi tími hefur verið annasamur og tekist hefur verið á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí 2009 birtast áherslur og markmið hennar sem unnið hefur verið eftir. Í upphafi yfirlýsingarinnar segir m.a. að ríkisstjórnin sé „mynduð um að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og leita þjóðarsamstöðu um leið Íslands til endurreisnar – nýjan stöðugleikasáttmála.“

Af þeim 222 aðgerðum sem samstarfsyfirlýsingin tekur til, er 130 lokið að fullu eða mestu leyti, 89 í vinnslu eða afgreidd að hluta og þrjú sem ekki hafa enn komist á skrið. Á þessum tíma hafa verið samþykkt 354 frumvörp sem lög frá Alþingi, 100 þingsályktanir auk fjölda annarra þingmála.

Í þessu hefti er birt yfirlit yfir helstu aðgerðir einstakra ráðuneyta frá febrúar 2009 til október 2011, en plássins vegna er ekki hægt að gera öllu skil. Leitast er við að skýra hvað felst í aðgerðunum og hvaða áhrif þær hafa. Byggt er á upplýsingum frá aðstoðarmönnum ráðherra.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa litast af aðstæðum í þjóðfélaginu en áhersla hefur verið lögð á að verja velferðarkerfið og gæta félagslegs réttlætis eins og kostur er.

Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar
Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Forsætisráðuneytið

Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra 1. febrúar 2009, þegar minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tók til starfa og hefur gegnt því embætti síðan.

Breytingar á starfsháttum stjórnarráðs og stjórnmalaflokka

Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á lagaumgjörð og starfsháttum opinberrar stjórnsýslu og stjórnmalaflokka í tíð ríkisstjórnarinnar. Opnari, faglegri og lýðræðislegri stjórnarhættir hafa verið innleiddir og brugðist hefur verið við þeim lærdómum sem draga mátti af hruninu. Stjórnarráðið, Alþingi og stofnanakerfið hefur gengið í gegnum umfangsmestu breytingar í Íslandssögunni. Ný heildarlög hafa verið samþykkt um Stjórnarráð Íslands. Breytingarnar marka ákveðin þáttaskil í sögu Stjórnarráðs Íslands en fyrri tilraunir til heildarendurskoðunar á eldri lögum sem sett voru árið 1969 hafa ekki náð fram að ganga.

Starfshættir og vinnulag í Stjórnarráðinu hafa einnig verið tekin til endurskoðunar, m.a. á grundvelli niðurstaðna rannsóknarskýrslu Alþingis. Ráðherranefndir hafa verið skipaðar, stjórnsýsluskóla komið á fót og skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneyti fer nú yfir öll lagafrumvörp sem unnin eru á vegum framkvæmdavaldsins áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn.

Umbætur í ráðningarmálum

Miklar umbætur hafa orðið í ráðningamálum á vegum hins opinbera. Lögfest hefur verið að sérstakar hæfnisnefndir annast mat á umsækjendum um auglýstar stöður ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra og sambærilegt vinnulag var viðhaft við skipan nýs Seðlabankastjóra og ráðuneytisstjóra sem valdir hafa verið undanfarin tvö ár. Jafnframt hafa verið lögfestar löngu tímabærar breytingar á verklagi við skipun dómara. Þar hafa faglegar hæfnisnefndir komið í stað geðþóttavalds ráðherra rétt eins og annarsstaðar.

Fækkun ráðuneyta

Ráðuneytum hefur verið fækkað úr tólf í tíu og umfangsmiklar breytingar hafa orðið á skipulagi og málefnaviðum flestra ráðuneyta. Stofnunum hefur verið fækkað um tugi og fyrirhugaðar frekari breytingar í kjölfar eflingu ráðuneytanna. Markmið þessara breytinga eru ekki einungis þau að ná fram hagræði í rekstri til framtíðar, heldur einnig að styrkja stjórnsýslu og efla þjónustu til framtíðar þrátt fyrir tímabundna ágjöf. Þá var þeim langþráða áfanga náð í þjónustu við fatlað fólk að ábyrgð á henni var flutt frá ríki til sveitarfélaga um síðustu áramót.

Siðareglur og upplýsingalög

Settar hafa verið siðareglur innan stjórnsýslunnar sem ná bæði til ráðherra, aðstoðarmanna, embættismanna og almennra starfsmanna og reglur um breytta starfshætti og aukið eftirlits hlutverk Alþingis. Upplýsingalögin hafa verið endurskoðuð og í nýju lagafrumvarpi eru lagðar til verulegar rýmkanir á upplýsingagjöf stjórnvalda og möguleikum almennings til að kalla eftir gögnum.

Aukið gegnsæi

Stjórnmálakerfið er einnig í mikilli gerjun. Lagalegur rammi þess hefur tvívegis verið endurskoðaður á liðnum árum til að tryggja gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaaðreksa. Árangurinn af þessu starfi sýnir sig m.a. í því að GRECO, samtök ríkja gegn spillingu meta stöðuna hér á landi með því besta sem gerist í heiminum. Það er því af sem áður var þegar Ísland sat í skammarbróknum hjá þessum samtökum að því er varðar fjármál stjórnmalaflokka, eitt fárra ríkja Vestur-Evrópu.

Endurskoðun á stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslur

Þá hefur heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar farið fram á vettvangi þjóðfundar, stjórnlaganefndar þar sem sátu sérfræðingar og fyrir liggur frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem Alþingi þarf að taka afstöðu til. Ný lög hafa verið sett um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Ísland 20/20

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur stýrihóps Sóknaráætlunar undir heitinu Ísland 2020. Ísland 2020 er stefnumarkandi skjal sem felur í sér framtíðarsýn til ársins 2020, 20 mælanleg markmið um samfélagslega þróun og 30 tillögur að aðgerðum til þess að vinna að þeim. Með Ísland 2020 er í fyrsta sinn gerð tilraun til þess að horfa á þróun atvinnulífs og samfélags með heildstæðum hætti og skilgreina hverskona samfélag við viljum skapa til framtíðar.

Jafnréttismál

Ötullega hefur verið unnið að jafnréttismálum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ráðherranefnd um jafnréttismál starfar í fyrsta skipti á lýðveldistímanum og á vettvangi hennar hefur verið fjallað um ýmis mál, m.a. aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, launamun kynjanna, kynjaða hagstjórn og aukin hlut kvenna í samfélaginu í kjölfar hruns.

Hluttur kvenna hefur aldrei verið meiri í ríkisstjórnnum (40-50%), meðal ráðuneytisstjóra (50%) eða meðal skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Hið sama á við um fjölda kvenna í stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins en því markmið jafnréttislaga var náð í fyrsta sinn árið 2010 að a.m.k 40% fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum ríkisins væri af hvoru kyni. Þá hafa verið samþykkt lög sem gera fyrirtækjum og lífeyrissjóðum að tryggja að a.m.k 40% stjórnarmanna verði af hvoru kyni, frá og með árinu 2013. Kaup á vændi hefur verið gert refsivert, áætlun gegn mansali samþykkt, nektardansstaðir bannaðir, austuríska leiðin leidd í lög og unnið er að nýrri áætlun gegn kynbundnu ofbeldi.

Endurskoðun á auðlindastefnu

Víða er unnið að endurskoðun auðlindastefnu þjóðarinnar, með það að markmið að tryggja forræði og aukinn arð þjóðarinnar á auðlindum hennar. Endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins og lagaumgjarðar orkufyrirtækja og auðlindastjórnunar hefur átt sér stað allt kjörtímabilið og nefnd er að störfum þar sem fjallað er um stofnun Auðlindasjóðs og almenna stefnumörkun varðandi auðlindir þjóðarinnar. Á komandi vetri má vænta niðurstöðu í flestum þessara mála.

.... og fleira

Langþráð sátt um sanngirnibætur til barna á vistheimilum sem sættu misgjörðum.

Ein hjúskaparlög fyrir alla landsmenn tóku gildi. Sérréttindi ráðherra, dómara og alþingismanna í lífeyrismálum afnumin.

Skattkerfinu breytt til stórauðinnar tekjujöfnunar, umhverfisskattar innleiddir og skattransóknir og skatteftirlit stóreflt.

Skýrslu rannsóknarnefndarinnar hefur verið fylgt eftir, starfsemi sérstaks saksóknara og fjármálaeftirlitsins stórefld og dómurum fjölgað til að anna álaginu vegna hrunsins. Fimm milljörðum verður varið aukalega til að efla embætti sérstaks saksóknara, dómstólana og fjármálaeftirlitið.

Efnahags- og viðskiptaráðneytið

Þegar minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tók við 1. febrúar árið 2009 gegndi Gylfi Magnússon embætti efnahags- og viðskiptaráðherra. Í september 2010 tók Árni Páll Árnason við embættinu og hefur gegnt því síðan.

Efnahags- og viðskiptaráðneytið er að hálfum hluta til nýtt ráðneyti, stofnsett til að bregðast við þeim göllum í samstillingu hagstjórnar sem ljósir urðu í aðdraganda bankahrunsins. Undir það heyra bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið sem áður heyrðu undir sitt hvort ráðneytið, en að auki Samkeppniseftirlitið, Einkaleyfastofa og Hagstofa Íslands.

Ný efnahagsáætlun – ný samstilling hagstjórnar Íslands

Á undanförum misserum hefur verið lokið við efnahagsáætlunina sem gerð var með AGS haustið 2008, komið skilanafndum og slitastjórnnum undir eftirlit FME og staðið fyrir lagasetningu til að tryggja öllum heimilum með gengistryggð lán þann endurreikning sem leiddi af ógildingu Hæstaréttar á gengistryggðum lánum. Nú er unnið að efnahagsáætlun til næstu ára til að festa í sessi þann árangur sem þegar hefur náðst og halda áfram að koma íslensku efnahagslífi í fullt samband við umheiminn. Afnáam hafta, mótun peningamálastefnu, áframhaldandi hagræðing og endurskipulagning fjármálakerfisins og aukin áhersla á samkeppnishæfni atvinnulífsins eru stærstu verkefni auk þess sem úrvinnsla Icesave-málsins er á herðum ráðneytisins.

Auka traust og trú á íslenskt efnahagslíf

Þriggja ára samstarfi Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lauk í ágúst en samstarfið við sjóðinn hefur á margan hátt mótað umgjörð efnahagsmálanna síðustu árin. Það er mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að verulegur árangur hafi náðst við efnahagslega endurreisn í kjölfar bankakreppunnar enda tókst íslenskum stjórnvöldum að ná þeim árangursviðmiðum sem sett voru í tengslum við samstarfsáætlunina.

Fjárfestingar

Þrátt fyrir góða samkeppnisstöðu hefur fjárfesting þó ekki aukist sem skyldi, m.a. vegna mikillar skuldsetningar fyrirtækja, gjaldeyrishafta og takmarkaðs aðgengis að erlendu lánsfé. Mikilvægt er að þessum hindrunum verði rutt úr vegi eins hratt og frekast er unnt til þess að nýta það samkeppnisforskot sem nú er til staðar. Bætt skattaumhverfi fyrirtækja er mikilvægur þáttur í því sambandi. Í ljósi skerts aðgengis innlendra aðila að erlendu lánsfé er einnig mikilvægt að tryggja sem best aðkomu lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta við þær sérstöku aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu. Mikilvægt er að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnáam hafta hvati fjárfestingu í atvinnulífinu með réttum hætti. Einnig er þörf á að opna möguleika fyrir verk-efnafjármögnun orkufyrirtækja. Með slíkri fjármögnun er mögulegt að takmarka áhættu almennings og tryggja fjármagn á ásættanlegum kjörum til frekari fjárfestinga í orkufrekum iðnaði.

Rekstrarskilyrði fyrirtækja

Í desember 2010 var gert samkomulag um endurskipulagningu skulda lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nefnt Beina brautin og hefur nú komist verulegur skriður á málin. Í lok máí á þessu ári var búið að senda nánast öllum fyrirtækjum sem falla undir úrræðið tilboð um skuldaúrvinnslu. Jafnframt hafa fjármálafyrirtækin boðið stórum og minni fyrirtækjum sértækar skuldaúrlausnir en undir þau fellur hvers konar atvinnustarfsemi, þar á meðal fasteigna-, fjárfestingar- og eignarhaldsfélög. Í lok ágúst sl. var búið að færa niður alls um 921 milljarðs kr. skuldir fyrirtækja, þar af 102,2 milljarðar kr. vegna endurútreikninga á erlendum gengistryggðum lánum, 124,2 milljarðar kr. hjá minni fyrirtækjum, 629 milljarðar kr. hjá stórum fyrirtækjum og 65,3 milljarðar kr. samkvæmt Beinu brautinni. Alls eru þetta 2.177 lán samkvæmt Beinu brautinni og sértækri skuldaúrlausn og 4.190 vegna endurútreikninga gengistryggðra lána.

Bein erlend fjárfesting

Bein erlend fjárfesting er nauðsynleg til að örva efnahagslífið við núverandi aðstæður en til þess að svo geti orðið þarf Ísland að einfalda umgjörð erlendra fjárfestingar og senda skýrari skilaboð um vilja til að laða að erlenda fjárfestingu. Í því samhengi verður lögð fram þingsályktunartillaga um erlenda fjárfestingu á þessu þingi og hafist handa um endurskoðun laga um erlendar fjárfestingar og skattaumhverfi erlendra fjárfesta. Lykilatriði er að stuðla að erlendu fjármagnsflæði inn í landið bæði til skamms og langs tíma og þá einkum í verkefni sem leiða til útflutningsdrifins hagvaxtar og hafa jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn. Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi sem tóku gildi á árinu 2009 eru skref í þessa átt.

Skuldavandinn og úrvinnsla hans

Endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja er langt á veg komin en slíkar aðgerðar eru oft flókna og tímafrekar. Reynsla flestra ríkja sem hafa gengið í gegnum sársaukafullar kreppur er að skuldaaflögun krefst þolinmæði svo að aðgerðir sem lagt er upp með beri árangur. Í dag sýna tölur að ákveðinn árangur hefur náðst við endurskipulagningu skulda. Niðurfærslum vegna endurútreikninga lána samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands um ólögsmæti tengingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla er nánast lokið hvað heimilin áhrærir nema í undantekningartilvikum.

Óhætt er að fullyrða að verulegur árangur hafi náðst við skuldaaflögun heimilanna þótt enn séu krefjandi verkefni fram undan, sérstaklega að vinna gegn því að heimili sem eru í meiri hættu en önnur sitji ekki eftir með alvarlegan greiðsluvanda og festist í fátækrargildru til framtíðar. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið telur brýnt að ráðuneytinu verði tryggður aðgangur að gögnum svo að unnt verði að greina þennan hóp m.a. eftir kyni, tekjum, eignum og fjölskyldugerð. Árangur skuldaaflögunar heimila má m.a. greina í tölum um einkaneytlu sem jókst á þessu ári og buíst er við talsverðum vexti á næstu árum. Skiptir hér máli niðurfærsla skulda, tímabundin frýsting lána og enn frekari fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar sem heimiluð hefur verið frá 1. október 2011 til 30. júní 2012. Að auki mun hækkun vaxtabóta til heimila með þunga skuldabyrði og lágur miðlungstekjur sem tók gildi um síðustu áramót skila sér í bættri stöðu þeirra. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla var greidd út á yfirstandandi ári og svo verður einnig á árinu 2012. Kostnaður við þá niðurgreiðslu er 12 milljarðar kr. Áætlað er að kjarasamningar sem skrifað var undir síðastliðið vor muni skila um 6% launhækkun á árinu 2011 og árlegri launahækkun á bilinu 4,2% til 5% fram til 2015. Spá Hagstofunnar um hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna kveður á um 3,3% hækkun á þessu ári og um 2,5–3,2% árlega fram til 2015.

Í lok ágúst 2011 var búið að færa niður lán heimilanna um 164 milljarða kr., þar af 131 milljarður kr. vegna endurútreiknings gengistryggðra lána sem skiptist á milli íbúðalána, samtals 92 milljarðar kr., og bifreiðaviðskipta, 38 milljarðar kr.

Afnám gjaldeyrishafta

Unnið er að afnámi gjaldeyrishafta í samræmi við áætlun um afnám hafta sem samþykkt var af ríkisstjórninni 25. mars 2011. Nokkur breyting fólst þó í afgreiðslu Alþingis nú á haustþingi þegar tímamörk á afnámi gjaldeyrishafta voru stýtt til ársloka 2013 þótt heimilt verði að viðhalda höftum lengur ef brýn nauðsyn krefur. Í tengslum við þessa afgreiðslu varð samkomulag um að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi þverpólitíska nefnd sérfræðinga sem meti svigrúm til að flýta afnámsferlinu og veiti stjórnvöldum og Seðlabanka aðhald. Farið verður yfir lagaákvæði um gjaldeyrishöft og kannaðir möguleikar á að einfalda ákvæði laganna og fella út óþarfa íþyngjandi atriði er lúta að heimilum og fyrirtækjum. Efnahags- og viðskiptaráðherra mun leggja fram frumvarp þessu aðlútandi ekki síðar en 1. nóvember 2011.

Fjármálaráðuneytið

Steingrímur J. Sigfússon tók við embætti fjármálaráðherra þegar minnihlutastjórn Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar tók við í febrúar 2009 og hefur gegnt því síðan.

Staða efnahagsmála þegar ríkisstjórnin tók við

Í október 2008 var fjármálakerfið á Íslandi í aðalatriðum hrunið og efnahagslífið á gjörgæslu-deild.

- a) Vextir og verðbólga voru 18%.
- b) Atvinnuleysi fór úr rúmlega 1% í 9% eftir hrun.
- c) Gjaldmiðill landsins, krónan, var í frjálsum falli.
- d) Þegar froðuhagkerfið fór niður svelginn fylgdi risalækkun á tekjum ríkissjóðs en útgjöld ríkissjóðs jukust.
- e) Ójafnræði í samfélaginu hafði stóruaukist.
- f) Ríkið þurfti að leita fjármögnunar til Norðurlandabjóða og AGS.

Staða efnahagsmála á Íslandi var verri en hún þurfti vera eftir að hin alþjóðlega fjármálakreppa gerði vart við sig árið 2008. Skýrist það af nokkrum samverkandi þáttum eins og of mikilli þenslu í hagkerfinu vegna ofvaxtar bankakerfisins samhliða risaframkvæmdum á borð við Kárahnjúka-virkjun sem og fasteignabólu. Í ofanálag hafði skattkerfi landsins verið veikt eftir forskrift ný-frjálshyggjunnar með lækkun skatta á hátekjufólk, fyrirtæki og auðmagn. Skattbyrði hinna lægst launuðu hafði aftur á móti verið aukin. Á svokölluðum góðærisárum jukust jafnframt skuldir heimila og fyrirtækja ævintýrlega, ekki síst í erlendri mynt.

Ekki var heldur spornað við ofvexti bankanna heldur þvert á móti voru þeir hvattir áfram til land-vinninga. Þegar hrunið blasti við reyndi Seðlabanki Íslands að bjarga kerfinu með því að veita bönkunum lausafjárfyrirgreiðslu. Sú tilraun kostaði íslenskt þjóðarþú um 192 milljarða króna (mia. kr.) eða um 13% af ársframléiðslu landsins.

Verkefnið var að afstýra endanlegri og algerrri bráðnun íslenska hagkerfisins. Rætt var um hættuna á greiðslufalli og gjaldþroti þjóðarinnar líkt og er nú er gert í tilfelli Grikklands, Írlands, Portúgal, Ítalíu og Spánar. Í október 2008 glataði landið nánast efnahagslegu sjálfstæði sínu. Verkefnið síðan hefur verið að endurheimta það sjálfstæði og nú má með mikilli vissu fullyrða að það hafi tekist enda Ísland horfið af lista yfir möguleg ríki á leið í greiðsluþrot sem og er staða efnahagsmála orðin stöðug, þó enn séu auðvitað hættur og veikleikar til staðar.

Sjálfbærni í ríkisfjármálum

Hrunið birtist einnig í mjög harkalegum viðsnúningi í ríkisfjármálum. Á þensluárunum fyrir 2008 var ríkissjóður rekinn með nokkrum en þó of litlum afgangi og vaxtagjöld ríkissjóðs voru ekki teljandi. Umtalsverður hallarekstur ríkissjóðs leiðir hratt til ófarnaðar og gerir skuldastöðuna ósjálfbæra. Ef ríkissjóður þarf sífellt að taka meiri lán vegna hallareksturs hækkar vaxta-kostnaðurinn samhliða sem þýðir minna fé aflögu til að reka venjubundinn rekstur ríkissjóðs. Sjálfbærni í ríkisrekstrinum er því lykilorðsenda þess að Ísland geti áfram skipað sér á bekk með norrænum velferðarríkjum. Ósjálfbærni í ríkisfjármálum er því bein ógn við velferðarríkið.

Varðstaða um velferðakerfið

Til þess að ná niður hallarekstri ríkissjóðs var afráðið að fara ekki í flatan niðurskurð hjá hinu opinbera heldur að forgangsraða í þágu velferðar, menntamála og löggæslu. Þurfti því að hagræða meira í almennri stjórnýslu og rekstri ríkisins. Skorið var meira niður í vegagerð og framkvæmdum en heilbrigðisþjónustu svo dæmi séu nefnd. Er það til samræmis við markmið stjórnvalda um að verja velferðarsamfélagið enda er bæði félagslega og efnahagslega viðsjárvert að skera mikið niður útgjöld til velferðamála á erfiðum tímum. Á tímabilinu hafa bætur almannatrygginga svo verið hækkaðar umtalsvert. Þrátt fyrir þetta hefur náðst að ná hallanum mikið niður og stefnir í afgang af ríkissjóði á næsta ári eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Afgangur af rekstri ríkissjóðs				
2008	2009	2010	2011	2012
-222,2 mia	-99 mia	-84,4 mia	+3,7 mia	+39,6 mia

Meiri jöfnuður með skattkerfisbreytingum

Ríkisstjórnin hefur frá upphafi lagt áherslu á að nota skattkerfið, ásamt félagslegum stuðningi, til þess að auka jöfnuð í samfélaginu. Stórt skref í þá átt var stigið með því að fjölga þrepum í tekjuskatti einstaklinga. Þetta dró úr skattbyrði þeirra tekjulægstu eftir hrun eins og Stefán Ólafsson prófessor hefur bent á. Þá hefur tekjutenging bóta innan skattkerfisins verið aukin og auknum stuðningi þannig verið beint til hinna tekjulægri. Þegar fjármagnstekjuskattur var hækkaður var komið á frítækjumarki í vaxtatekjum þannig að stór hluti landsmanna borgar nú engan fjármagnstekjuskatt. Á næsta ári kemur til framkvæmda á ný tenging persónuafsláttar við verðlagsþróun og við það hækka ráðstöfunartekjur hinna tekjulægri hlutfallslega mest, en hún getur orðið 1,8% þar sem hækkin er mest.

Þess fyrir utan hafa skattar á fyrirtæki og auðmagn verið hækkaðir. Skattar á fjármálafyrirtæki, svokallaður fjársýsluskattur, hefur verið tekinn upp sem og sérstakur bankaskattur. Endurspeglar þeir skattar ríka kröfu samfélagsins um að fjármálafyrirtæki leggi meira af mörkum í sameiginlega sjóði sérstaklega í ljósi þess tjóns er hlaut af óábyrgri hegðun þeirra fyrir hrun. Einnig hefur veiðigjald verið hækkað til samræmis við kröfu um að þjóðin fái réttmæta rentu af sameiginlegri auðlind landsmanna. Stóriðjan hefur líka þurft að leggja meira til samfélagsins með innleiðingu raforkuskatts.

Ekki er ráðgert að hækka álögur frekar á tímabilinu í almennum sköttum eins og tekjuskatti eða virðisaukaskatti. Til þess að það takist er þó nauðsynlegt að samstaða náist um annars konar tekjuöflun eins og hækkun á álögum á fjármálafyrirtæki og útgerð.

Grænir skattar

Kolefnisgjald var kynnt til sögunnar 1. janúar 2010 en það er hreinn umhverfisskattur þar sem útblástur CO₂ er skattlagður. Bifreiðagjald er nú innheimt eftir losun ökutækis á CO₂ og fer stig-hækkandi eftir því sem ökutæki losa meira. Hið sama á við um álagningu vörugjalds á ökutæki.

Sérstakt átak hefur verið gert í að fjölga ökutækjum sem ganga fyrir metani. Þau greiða lágmarks bifreiðagjöld. Við innflutning á metan-ökutæki er jafnframt veittur 1.250.000 kr. frádráttur frá vörugjöldum. Þann 1. janúar 2011 tók svo gildi frumvarp fjármálaráðherra um 100.000 kr. endur-greiðslu vörugjalda ef notuðu ökutæki sem nýtir jarðefnaeldsneyti er breytt til þess að geta nýtt metan.

Eldsneyti og íblöndunarefni í jarðefnaeldsneyti, sem ekki eru af jarðefnauppruna, eru undan-þegin öllum gjöldum á eldsneyti frá og með 1. janúar 2011. Er það gert til að auka veg innlendra umhverfisvænna orkugjafa, s.s. metanóls sem blandað er í bensín, og lífdísels sem blandað er dísilolíu.

Um nokkurt skeið hafa hópferðabifreiðar sem uppfylla ákveðna umhverfisstaðla fengið endur-greidda ⅓ hluta virðisaukaskatts sem greiddur var við innflutning. 1. janúar sl. var endur-greiðsluheimildin útvíkkuð til almenningsvagna en á sama tíma voru umhverfiskröfur til þeirra hertar.

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins um olíumál skilaði svo af sér ítarlegri skýrslu um hvernig mætti draga enn frekar úr vægi jarðefnaeldsneytis á Íslandi.

Nýsköpun og fjárfesting sett á oddinn

Starfsumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja hefur verið bætt. Skattaleg umgjörð nýsköpunarstarfsemi hefur verið breytt til að skapa hvata fyrir nýsköpun og þróun í bæði nýjum og rötgrónum fyrirtækjum. Vonir standa til að af leiði umtalsverð fjölgun starfa við rannsóknir og þróunarstarf innan íslenskra fyrirtækja.

Einnig var samþykkt rammalöggjöf utan um nýfjárfestingar í íslensku hagkerfi til að hvetja til frekari fjárfestinga. Nú þegar hefur fjöldi aðila nýtt sér þessa löggjöf m.a. í gagnaversiðnaði, kísil-flöguframléiðslu og álþýnnuframléiðslu.

Aðgerðir í þágu heimilanna

Í heild er gert ráð fyrir að kostnaður vegna vaxtabóta í ár verði um 18 mia. kr. Það þýðir að niðurgreiðsla ríkissjóðs á kostnaði heimilanna vegna húsnæðislána er nálægt 1/3 af gjöldunum (í heild er hann 60 mia. kr.) eða um 1% af landsframléiðslu. Sérstaklega var horft til þess að lág- og millitekjuhópar myndu njóta góðs af niðurgreiðslunni en í tilviki tekjulægstu hópanna mun vaxtaniðurgreiðsla ríkisins nema um 80% af heildarvaxtagjöldum þeirra. Hjá hjónum getur hámarksgreiðsla vaxtabóta numið 900 þúsund krónum en áður gat sú upphæð að hámarki verið 400 þúsund krónur. Þetta er því meiri en 120% aukning á hæstu útgreiðslu vaxtabóta. Að auki eru viðbótar úrræði í formi 110% niðurfellingar á húsnæðisláni, sérstök skuldaaðlögun og greiðslu-aðlögun.

Dregið úr kostnaði við uppbyggingu nýs fjármálakerfis

Ríkissjóður hefur eignast stóran hluta íslensks fjármálakerfis en stærsti einstaki hlutur ríkissjóðs er 81% hlutur hans í Landsbankanum (13% í Arion og 5% í Íslandsbanka). Við uppbyggingu nýs fjármálakerfis á opinberum grunni reyndist hlutafjárframlag ríkissjóðs verða 250 mia.kr. lægra en upphaflega var ráðgert. Þetta lækkaði vaxtakostnað ríkissjóðs um 46 mia. kr. á árunum 2009 og 2010, frá því sem ráð hafði verið fyrir gert. Í dag er eigið féð bankanna orðið umtalsvert umfram það hlutafé sem ríkissjóður lagði upphaflega í þessar fjármálastofnanir þannig að útlit er fyrir að allgóð ávöxtun hafi orðið á því fé sem ríkissjóður setti inn í þessar stofnanir.

Nánar má lesa um ríkisfjármálastefnu núverandi ríkisstjórnar í ítarlegri skýrslu fjármálaráðuneytisins sem kom út samhliða fjárlögum. Sérstaklega er ástæða til að benda á fyrsta kafla þeirrar skýrslu sem ber heitið „Ríkisfjármálastefnan“.

Iðnaðarráðuneytið

Þegar minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tók við 1. febrúar árið 2009 gegndi Össur Skarphéðinsson embætti iðnaðarráðherra jafnhliða embætti utanríkisráðherra. Í maí 2009 tók Katrín Júlíusdóttir við embættinu og hefur gegnt því síðan.

Atvinnuþróun og nýsköpun

Fjölgun starfa

Árið 2010 tóku gildi lög um ívilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi. (2010/99). Markmið þeirra laga var að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðaðþróun með því að tilgreina hvaða ívilnanir heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi og hvernig þeim skuli beitt.

Stuðningur við atvinnusköpun

Opinberir sjóðir og samkeppnissjóðir hafa lagt sitt af mörkum til atvinnusköpunar. Hjá iðnaðarráðuneyti á þessi áhersla fyrst og fremst við um samskeppnissjóðina „Átak til atvinnusköpunar“ og Tækniþróunarsjóð. „Átak til atvinnusköpunar“ hverfist fyrst og fremst um sköpun nýrra starfa í gegnum þróun söluhæfra afurða og þjónustu. Tækniþróunarsjóður leggur einnig áherslu á sköpun starfa. Í tengslum við náttúruhamfarir 2010 og 2011 fengu ferðaþjónustuaðilar á Suðurlandi starfsfólk á vegum Vinnumálastofnunar m.a. í upplýsingagjöf til ferðamanna.

Stoðkerfi atvinnuþróunar hefur verið eftir innan iðnaðarráðuneytisins ásamt Byggingastofnun, Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Markmiðið er að nýta betur þá fjármuni sem renna til atvinnuþróunar, byggðamála og nýsköpunar og að stofnanaumgjörðin myndi samstæða heild, sem hefur meiri sveigjanleika og meira afl til að bregðast við þörfum atvinnulífsins.

Sprota- og nýsköpunarfyrirtæki

Umhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja hefur verið bætt með lagfæringu á skattalögum. Í janúar 2010 tóku gildi lög (165/2010) sem heimila nýsköpunarfyrirtækjum skattafrádrátt vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni. Skattafrádrátturinn getur numið 20% af kostnaði vegna nýsköpunarverkefna.

Í skýrslu þingmannanefndar sem út kom í október 2011 voru kortlögð sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Þingmannanefndin kom fram með tillögur um stjórnvaldsaðgerðir og úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem ýtt geti undir vöxt íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar

Orkumál

Tillögum verkefnahóps um Rammaáætlun var skilað til iðnaðar- og umhverfisráðherra nú í sumar. Tillögurnar eru nú í 12 vikna umsagnarferli og er stefnt að því að leggja fram þingsályktun

um Rammaáætlun fyrir Alþingi í nóvember á þessu ári. Málið mun síðan fá þinglega meðferð. Vorið 2011 var þingsályktun um Grænu Orkuna orkuskipti í samgöngum samþykkt af Alþingi. „Græna“ orkan er skipuð aðilum úr stjórnkerfinu og einkageiranum. Unnið er að aðgerðar-áætlun varðandi uppbyggingu dreifikerfis vistvænna orkugjafa auk hagrænna hvata. Stefnt er að niðurstöður verkefnastjórnar liggja fyrir við árslok 2011

Til að tryggja sjálfbæra nýtingu á orkuframleiðslu vatnsafls og jarðvarmaorku mörkuðu stjórnvöld opinbera stefnu í orkumálum. Drög að orkustefnu voru send út í opið umsagnarferli í ársbyrjun 2011. Yfirferð umsagna er á lokaspretti og er gert ráð fyrir því að verkefnisstjórn um orkustefnu skili af sér fyrir næstu áramót.

Til að stuðla að betri orkunýtingu hefur raforkulögum verið breytt til auðvelda uppbyggingu iðngarða og iðjuvera. Bein tenging við flutningskerfi og rýmkun á hugtakinu stórnotandi eru meginþættir í nýjum raforkulögum sem eiga að auðvelda uppbyggingu starfsemi sem nýtir afurðir jarðvarmavirkjana. Þannig eru rýmri heimildir til beinna tenginga milli virkjunar og notenda.

Árið 2010 var skipaður starfshópur sem falið var það verkefni að kanna verðlagningu raforku í ólíkum atvinnugreinum og vinna grunn að tillögum um leiðir til breytinga á kostnaði og ná jafnræði í verðlagningu raforku. Tillögur starfshópsins muni liggja fyrir á næstu vikum. Til að stuðla að orkusparnaði var lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar breytt þannig að hægt yrði að styrkja svokallaða umhverfisvæna orkuöflun og aðgerðir til bættrar orkunýtingar við húshitun.

Til að stuðla að gagnsæi í orkusölusamningum hefur verið unnið að því markvisst innan Landsvirkjunar að auka gagnsæi í rekstri fyrirtækisins. Mikilvægt skref í þessa átt var stigið árið 2010 þegar upplýsingar um meðalverð orkusölu til iðnaðar voru gerðar opinberar. Sömuleiðis birti fyrirtækið meðalkostnaðarverð við uppbyggingu nýrra virkjana á ársfundi félagsins í apríl sl.

Ferðamál

Lög um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða tóku gildi á þessu ári og hefur sjóðurinn þegar tekið til starfa. Sjóðurinn er fjármagnaður með gistináttgjaldi.

Ríkissjóður veitti 300 milljónir á síðasta ári í markaðsátakið Inspired by Iceland. Fyrirtæki í ferðaþjónustu og Reykjavíkurborg lögðu í sameiningu fram sömu upphæð. Átakið tókst vel og lítur út fyrir 20% fjölgun ferðamanna hingað til lands á þessu ári miðað við síðasta ár. Þá samþykkti ríkisstjórnin að leggja 300 millj. kr. til átaks í heilsársferðaþjónustu enda komi sama upphæð frá öðrum hagsmunaaðilum. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í þrjú ár.

Nokkru fé hefur verið veitt til þróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu í gegnum vaxtarsamninga og menningarsamninga og samtals fóru úr þessum tveimur sjóðum 148 milljónir til verkefna á sviði ferðaþjónustu á árinu 2010. Á árinu 2011 lauk Gáttaverkefni sem hófst árið 2008 eftir að iðnaðarráðherra veitti 100 milljónum af Byggðaaáætlun til vöruþróunar í ferðaþjónustu á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, matartengdrar ferðaþjónustu og gæðamála á landsbyggðinni.

Menningarsamningar hafa einnig nýst vel til að efla menningartengda ferðaþjónustu og fóru 63 milljónir af fé til menningarsamninga á landsbyggðinni. Landsbankinn og iðnaðarráðuneytið hafa stofnað þróunarsjóð sem hefur það markmið að styrkja verkefni í ferðaþjónustu sem stuðla að uppbyggingu heilsársferðaþjónustu. Samningurinn er til tveggja ára og er framlag Landsbankans 20 milljónir en ráðuneytið mun leggja fram 15, samtals 35 milljónir á ári.

Iðnaðarráðuneytið gerði nýjan samning við Hagstofu Íslands um ferðaþjónustureikninga (Tourism Satellite Accounts) og voru í lok árs 2010 birtar nýjar tölur um þróun í ferðaþjónustu sem unnar eru samkvæmt þeirri aðferðarfræði. Eru þá til gagnlegar tölur um íslenska ferðaþjónustu frá árinu 2000-2008. Nýjar tölur verða birtar í lok árs.

Íslandsstofa gerði samning við iðnaðarráðuneytið um markaðsmál ferðaþjónustunnar. Markmið samnings ráðuneytisins og Íslandsstofu er að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi í þágu íslenskrar ferðaþjónustu og skerpa heildstæða ímynd íslenskrar ferðaþjónustu svo auka megi gjaldeyristekjur og efla hagvöxt og atvinnusköpun.

Innanríkisráðuneytið

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti runnu saman í innanríkisráðuneyti 1. janúar 2011. Vegna breytinga sem orðið hafa á ráðuneytunum hafa alls þrjár ráðherrar gegnt embættunum á kjörtímabilinu. Kristján L. Möller var samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Ragna Árnadóttir dóms- og mannréttindamálaráðherra. Ögmundur Jónasson tók við báðum embættum í september 2010 og við sameinuðu ráðuneyti 1. janúar 2011.

Útlendingamála

Í kjölfar viðamikils nefndarstarfs um málefni hælisleitenda var þeim kafla útlendingalaganna sem lýtur að málefnum þeirra breytt haustið 2010 og hafa breytingarnar verið mjög til hins betra. Er nú í lögum m.a. kveðið á um viðbótarvernd fyrir flóttamenn sem uppfylla ekki skilgreiningu alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, réttarstaða fylgdarlausra barna var styrkt til muna og sett var inn sérstakt ákvæði um dvalarleyfi fyrir fórnarlömb mansals. Styrkara ákvæði um dvalarleyfi af mannúðarástæðum hefur þegar haft þau áhrif að fleiri hafa fengið hér dvalarleyfi á þeim forsendum.

14. október 2010 var tekin ákvörðun um að endursenda hælisleitendur ekki til Grikklands meðan staða mannréttindamála er þar eins og raun ber vitni. Ráðuneytið hefur einnig tekið til skoðunar hvort stöðva eigi endursendingar til Möltu en á það hefur ekki reynt.

Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd undir forystu Höllu Gunnarsdóttur, aðstoðarkonu innanríkisráðherra, og með aðkomu þriggja ráðuneyta sem er ætlað að móta stefnu í málefnum útlendinga utan EES og gera tillögur að lagabreytingum þar sem það á við. Starf nefndarinnar stendur nú yfir.

Ættleiðingamála

Nú starfar á vegum ráðuneytisins nefnd undir forystu Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem er ætlað að endurskoða löggjöf um ættleiðingar. Nefndin mun byggja á viðamikilli skýrslu um ættleiðingar sem unnin var fyrir dóms- og mannréttindamálaráðuneytið árið 2010. Þá má nefna að innanríkisráðuneytið gaf út löggildingu fyrir Íslenska ættleiðingu, að beiðni félagsins, til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tógó.

Kynbundið ofbeldi

Unnið er að fullgildingu sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum. Innanríkisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið leiddu samráðsferli þar sem farið var yfir leiðir til að standa að vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Niðurstaða þess samráðs liggur nú fyrir og vonir standa til að hægt verði að hringa vitundarvakningarátaki úr vör sem allra fyrst.

Haustið 2010 stóð innanríkisráðuneytið fyrir samráðsfundi um meðferð nauðgunarmála en

þangað voru boðaðir fulltrúar réttarkerfisins, lögreglu, grasrótarsamtaka, neyðarmóttöku vegna nauðgana, Stígamóta o.fl. Samráðsfundinum var fylgt eftir með smærri fundum og nú liggur fyrir áætlun um aðgerðir í tíu liðum. Hluti þeirra hefur þegar komist til framkvæmda og umræðan hefur verið gagnleg og uppbyggileg. Má þar nefna endurskoðun á miskabótum og skaðabótum, en eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum ábyrgist ríkið greiðslur á dæmdum skaðabótum (sem taka venjulega til líkamslegs tjóns eða vinnutaps) allt að 2,5 milljónum króna en á dæmdum miskabótum (sem taka til tjóns sem er andlegt eða tilfinningalegt) aðeins að 600 þúsundum króna. Komið hefur verið á laggirnar fagráði um meðferð kynferðisbrotamála en það skal móta reglur fyrir starfsemi sína sem yrði grundvöllur tillagna að breytingum á lögum er varða starfsemi skráðra trúfélaga og eftir atvikum stofnana og félagasamtaka sem njóta opinbers stuðnings að einhverju eða öllu leyti.

Á kjörtímabilinu hefur austurríska leiðin verið leidd í lög, en hún felur í sér heimild lögreglu til að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu. Þá hafa nektardansstaðir verið bannaðir og kaup á vændi gerð ólögleg, en allt eru þetta mál sem kvennahreyfingin hefur barist fyrir árum og áratugum saman.

Mannréttindamál

Mannréttindi hafa verið sett í öndvegi í nýju innanríkisráðuneyti og er sinnt af sérstökum starfsmanni sem er sérfræðingur í mannréttindamálum. Innanríkisráðherra sat fyrir svörum um stöðu mannréttinda á Íslandi í höfuðstöðvum mannréttindaráðs S.Þ. í Genf í október 2011. Mannréttindastefna er í mótnun í ráðuneytinu og samhliða því er farið yfir aðra alþjóðlega mannréttindasáttmála og valfrjálsar bókarnir. Þá má vekja athygli á að ein hjúskaparlög voru lögfest í júní 2010 en fram að þeim tíma giltu ein lög fyrir gagnkynhneigða og önnur fyrir samkynhneigða.

Almenningssamgöngur

Innanríkisráðherra hefur staðið fyrir áherslubreytingum varðandi almenningssamgöngur með það að markmiði að gera það að raunverulegum valkosti gagnvart einkabifreiðinni og þannig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nú liggur fyrir að ráðast í tilraunaverkefni til 10 ára þar sem áætlað er að ríkið leggi til allt að milljarði króna á ári í að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu gegn því að draga úr vegafframkvæmdum á svæðinu.

Þá er unnið að breytingum á almenningssamgöngum á landsbyggðinni með það að markmiði að styrkja þær. Unnið er að gerð samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga um að taka að sér skipulagningu og rekstur almenningssamgangna á sínu svæði með tengingar til aðliggjandi svæða og fá til þess þá fjármuni sem annars rygnu til þess að styrkja sérleyfisrekstur á landi. Þegar hafa verið gerðir samningar í þessa veru og eru fleiri í burðarliðnum. Unnið er að því að kanna áhuga landshlutasamtaka og sveitarfélaga um að taka að sér fleiri þætti s.s. ferjurekstur.

Fjarskipti

Samþykkt var á Alþingi frumvarp til laga um fjarskipti þar sem m.a. var settur rammi utan um tíðniúthlutanir auk þess að innheimta gjald fyrir notkun verðmætra tíðna.

Fyrir liggur að leggja fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum sem innleiðir EES reglur um neytendavernd o.fl. Einnig er gert ráð fyrir að í frumvarpinu verði stutt við fjárfestingar í fjarskiptum s.s. að greiða fyrir lagningu ljósleiðara í dreifðari byggðum landsins. Í umsögn er einnig frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst og fjarskiptastofnun sem ætlað er að vinna að sömu markmiðum. Loks er í umsögn breyting á lögum um fjarskiptasjóð þar sem lagt er til áframhaldandi starfsemi hans við uppbyggingu fjarskiptainviða í landinu auk þess sem honum eru lagðar til tekjur af tíðnileyfum.

Í undirbúningi er þingsályktun sem fyrirhugað er að leggja fram á haustþingi um fjarskiptaáætlun

til 12 ára og fjögurra ára. Í henni er lögð til áframhaldandi uppbygging greiðra og hagkvæmra fjarskipta auk þess sem lagðar til aðgerðir sem stuðla að bættu umhverfi og að bættu öryggi fjarskipta.

Samgönguáætlun

Fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um 12 ára og fjögurra ára samgönguáætlanir. Í 12 ára áætluninni yrði gerð grein fyrir stöðu og horfum samgöngumála til 12 ára og lögð til framkvæmdaverkefni næstu 12 ára til uppbyggingar á samgöngukerfinu, að teknu tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar verða. Í fjögurra ára áætluninni er lögð til ráðstöfun fjármuna og þau verkefni sem ætlað er að vinna næstu fjögur ár, bæði framkvæmdaverkefni og undirbúnings-, rannsóknar- og útfærsluverkefni.

Í áætluninni er nú að finna áherslubreytingar til eflingar almenningsgangna og minnkunar í losun gróðurhúsategunda.

Landeyjahöfn

Landeyjahöfn var opnuð síðastliðið sumar og hefur leitt til stórbættra samgangna til Vestmannaeyja. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika sem leiddu til þess að höfnin var lokuð í margar vikur yfir veturinn, meira en tvöfölduðust farþegaflutningar til Eyja frá því sem áður var. Hluta vandans má rekja til þess að vegna hrunsins var ekki hægt að ráðast í byggingu á sérhönnuðu skipi fyrir þessar siglingar heldur gamli Herjólfur nýttur áfram en hann hentar illa til þeirra. Unnið er að greiningu og lausn vandans.

Strandsiglingar

Lengi hefur verið unnið að athugunum á möguleikum þess að koma á strandsiglingum við landið að nýju til þess m.a. að létta á vöruflutningum á þjóðvegum landsins. Innanríkisráðherra ákvað í vetur að skipa nefnd undir forystu Guðmundar M. Kristjánssonar hafnarstjórans á Ísafirði. Nefndinni er ætlað að undirbúa útboð á strandsiglingum við landið í tilraunaskyni. Miðað er við að nefndin skili tillögum í þessa veru fyrir áramót.

Lénafrumvarp

Frumvarp til laga um lén var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það verður aftur lagt fram á komandi þingi. Með því er lagt til að tryggja öryggi, gæði og tengsl við Ísland með því setja skýran lagaramma utan um lén sem sérstaka skírskotun hafa til Íslands svo sem þau sem hafa endinguna .is.

Farsýslan og vegagerðin

Lögð var fram á síðasta þingi tillaga um að sameina og búa til tvær stofnanir, framkvæmdastofnun og stjórnsýslustofnun úr núverandi Vegagerð, Siglingastofnun Íslands, Umferðastofnu og Flugmálastjórn. Markmiðið er að ná fram sterkari stjórnsýslustofnun auk sparnaðar, en þetta fyrirkomulag er í samræmi við þróunina á hinum Norðurlöndunum.

Frumvarp til nýrra umferðalaga

Á síðasta þingi var lagt fram nýtt frumvarp til laga um umferð. Í því eru lagðar til margar nýjungar en málaflokkurinn er viðamikill og snertir nær alla íslendinga. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu og verður lagt fram á komandi þingi.

Frumvarp til laga um samgöngur á landi í atvinnuskyni

Unnið er að samningu frumvarps þar sem ætluin er að sameina nokkra lagabálka sem fjalla um samgöngur á landi í atvinnuskyni s.s. lög um leigubifreiðar, fólks- og farmflutninga á landi.

Sveitarstjórnarmál

Ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt á Alþingi í september 2011 og taka gildi 1. janúar 2012. Helstu nýmæli laganna eru auknar áherslur á lýðræði og aðkomu borgaranna að málefnum sinna sveitarfélaga. Þannig er komið nýtt ákvæði sem heimilar að tiltekið hlutfall íbúa geti krafist atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins, þó með þeim takmörkunum sem Alþingi ákvað, svosem að almennrar atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar. Lögin fela auk þessa í sér þau nýmæli að settar eru fjármálareglur fyrir sveitarfélög sem tryggja eiga fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Að auki er eftirliti með fjármálum sveitarfélaga breytt nokkuð.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Breyting hefur orðið á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Málefni fatlaðra voru færð yfir til sveitarfélaga 1.janúar 2011 auk þess sem samkomulag náðist um fjármögnun tónlistarkennslu á framhaldsskólastigi. Í báðum tilvikum er það Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem annast framkvæmd fjármögnunarinnar. Unnið hefur verið að heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðsins á undanförunum misserum en hann ráðstafar nú um 27 milljörðum króna til sveitarfélaga. Jafnframt hefur verið unnið að því að efla svæðasamstarf sveitarfélaga og hvernig hægt sé að efla sveitarstjórnarstigið.

Skipan dómara

Breytingar hafa verið gerðar á lögum um skipan dómara, sem draga úr ægivaldi ráðherra í þeim efnum með því að sérstök nefnd um dómarastörf metur umsækjendur. Ráðherra getur ekki gengið gegn vilja nefndarinnar nema með samþykki Alþingis.

Frumvarp til barnalaga

Frumvarp til barnalaga hefur verið lagt fram á Alþingi, en í því er m.a. kveðið á um lögfestingu ákvæða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lúta að réttindum barna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir aukinni sáttamiðlun í tilfellum þar sem foreldrar deila um forsjá og umgengni en ekki er gert ráð fyrir heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá í slíkum tilvikum, m.a. þar sem vonir standa til að aukin áhersla á sáttamiðlun leiði til þess að enn færri forsjármál þurfi að leiða til lykta fyrir dómstólum. Það getur verið afar vandasamt að koma á sameiginlegri forsjá með dómi en til að það fyrirkomulag virki þarf gott samstarf að vera milli foreldra. Reynsla Norðurlandanna af dómaraheimild um sameiginlega forsjá hefur verið misjöfn og í sumum tilfellum hefur verið dæmd sameiginleg forsjá þótt ólíklegt sé að foreldrar geti starfað saman um málefni barns og jafnvel þótt uppi séu áskanir um ofbeldi af hálfu annars foreldrisins, en réttarkerfinu hefur reynt erfið að ná utan um hið síðarnefnda.

Trúfélög

Endurskoðun á lögum um trúfélög stendur yfir, m.a. með það að leiðarljósi að lífsskoðunarfélög geti starfað á sama grunni og trúfélög. Einnig stendur til að afnema sjálfvirka skráningu barna í trúfélög.

Fangelsismál

Bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði hefur verið samþykkt. Með nýjum lögum stendur jafnframt til að auka rafrænt eftirlit. Þetta tvennt ætti að fara langleiðina með að leysa mikinn vanda í fangelsismálum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Við stofnun minnihlutastjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar tók Katrín Jakobsdóttir við embætti mennta- og menningarmálaráðherra. Í júní sl. fór Katrín í fæðingarorlof og hefur Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, gegnt embættinu í fjarveru hennar. Hér að neðan er stiklað á stóru yfir helstu aðgerðir og verkefni þeirra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Aðgerðir gegn einelti

Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra skilaði skýrslu með 30 tillögum að samhæfðum aðgerðum gegn einelti í skólum og á vinnustöðum sumarið 2010. Verkefnistjórn á vegum þriggja ráðuneyta, þ.e. fjármálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis vinnur nú að framkvæmd tillaganna.

Aukinn jöfnuður með frjálsum hugbúnaði

Lögð hefur verið áhersla á notkun frjáls hugbúnaðar í skólastarfi. Með innleiðingu frjáls hugbúnaðar er jöfnuður meðal nemenda og starfsmanna tryggður þar sem allir hafa aðgang að sama hugbúnaði án endurgjalds auk þess sem kostnaður við rekstur tölvukerfa skólanna lækkar svo aukið fé mun renna til faglegs starfs.

Efling tónlistarnáms

Samkomulag var gert við sveitarfélögin með það að markmiði að efla tónlistarnám og gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Samkomulagið felur í sér að ríkissjóður tekur yfir kostnað vegna kennslu í söngnámi á mið- og framhaldsstigi og hljóðfæranámi á framhaldsstigi og eykur framlög til málaflokksins um allt að 250 m.kr. á ári.

Efling vinnustaðanáms

Styrkir til vinnustaðakennslu starfsnámsnemenda á framhaldsskólastigi í fyrirtækjum og stofnunum voru veittir í fyrsta sinn í október úr tímabundnum sjóði. Á yfirstandandi þingi verður lagt fram frumvarp til laga um sjóð sem hafa mun það verkefni til frambúðar að efla vinnustaðanám og er gert ráð fyrir að hann hafi árlega 150 m.kr. til umráða.

Endurskoðun laga um Ríkisútvarpið

Nefnd sem falið var að skrifa frumvarp til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið mun skila niðurstöðum í byrjun nóvember. Verkefni hennar eru m.a. að auka gagnsæi í rekstri Ríkisútvarpsins, auka lýðræði í stjórnarfyrikomulagi, auka sjálfstæði og starfsöryggi starfsmanna við fréttir og dagskrárgerð og endurskoða hlutverk stjórnar og skipan hennar. Nefndinni var einnig falið að kanna kosti þess og galla að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Með nýjum samningi um útvarpsþjónustu í almannabágu er hlutverk Ríkisútvarpsins sem einnar af meginstofnunum samfélagsins á sviði lýðræðis og menningar undirstrikað. Þá er tryggt aukin aðkoma starfsmanna og almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins, m.a. með þáttöku á árlegu útvarpsþingi. Ríkisútvarpið mun auk þess vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, jafnt innan stofnunarinnar sem og í dagskrá og heyrnarskertum verður veittur betri aðgangur að þjónustu Ríkisútvarpsins með aukinni textun forunninnar íslenskrar dagskrár.

Aukið jafnrétti til náms

Grunnframbærsla námslána Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) hefur verið hækkuð um 32% frá árinu 2009. Þá hefur krafa um að námsmenn þurfi ábyrgðarmann til þess að fá lán frá LÍN verið afnumin. Nefnd á vegum ráðherra vinnur nú að heildarendurskoðun á lögum um LÍN.

Fjölgun listamannalauna

Starfslaunum listamanna hefur verið fjölgað úr 1.200 mánaðarlaunum í 1.600, en þeim hafði ekki fjölgað í rúman áratug. Fjölgunin kemur að fullu til framkvæmdar árið 2012 og er í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar á eflingu skapandi greina. Þá hefur verið bætt við þremur launasjóðum, launasjóði hönnuða, launasjóði sviðslistafólks og launasjóði tónlistarflytjenda.

Hagræn áhrif skapandi greina metin

Gerð hefur verið rannsókn á hagrænum áhrifum skapandi greina. Leiddi hún m.a. í ljós að skapandi greinar veltu 189 milljörðum árið 2009 sem er á pari við stóriðjuna. Unnið er að því að efla stöðu þessara greina.

Heildarlöggjöf um fjölmiðla

Heildarlöggjöf um fjölmiðla hefur verið samþykkt í fyrsta sinn hér á landi sem hefur m.a. það markmið að stuðla að tjáningarfrelsi, fjölbreytni og fjölraði í fjölmiðlun. Með lögunun er komið til móts við helstu ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis varðandi lagaumhverfi fjölmiðla. Kveða lög in m.a. á um sjálfstæði ritstjórna og gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum auk þess sem sjálfstæð eftirlitsstofnun, Fjölmiðlanefnd, hefur verið stofnuð til að annast faglegt eftirlit með fjölmiðlum og tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni. Í byrjun nóvember verður lagt fram frumvarp, samið af þverpólitískri nefnd fulltrúa allra þingflokka á Alþingi, sem gerir ráð fyrir að eignarhaldi einkaaðila á fjölmiðlum verði sett hófleg mörk.

Annað tækifæri til náms

Í vor hófst þriggja ára áttak á vegum ríkisstjórnarinnar undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“. Byggir það m.a. á reynslu Norðurlandanna sem hefur sýnt að afleiðingar atvinnuleysis eru alvarlegastar hjá þeim sem hafa hvað minnsta menntun. Markmið átaksins er að mæta ólíkum þörfum hópa sem hingað til hafa ekki fundið sig innan skólakerfisins, fjölga þeim sem ljúka framhaldsskóla- eða stúdentsprófi og efla möguleika þeirra til að sækja sér meira nám eða finna sér störf við hæfi. Átakið hefur gengið samkvæmt áætlun og hefur framhaldsskólanemendum fjölgað um 1.500 milli ára auk þess sem yfir 1.000 atvinnuleitendur hófu nám í skólum landsins í haust. Framlög til menntakerfisins eru aukin um 7 mia.kr. á þremur árum vegna átaksins.

Ráðuneytið vinnur einnig að aðgerðum til þess að sporna gegn brottfalli úr framhaldsskólum í samstarfi við OECD, íslenska og norska sérfræðinga og á grundvelli nýrrar menntastefnu.

Ný menntastefna

Í nýjum aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla birtist ný menntastefna. Meginmarkmið hennar er að rækta þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarni menntastefnunnar er settur saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Nýsköpunarsjóður námsmanna efldur

Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur verið þrefaldaður. Sjóðurinn tryggir nú árlega um 350 áhugasömum háskólanemum sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarefni tengd námi þeirra.

Kennsluefni í kynjafræði í grunn- og framhaldsskólum

Tilraunakennsla er hafin í grunn- og framhaldsskólum á Kynungabók, kennslubók sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út haustið 2010, þar sem lögð er áhersla á gagnrýna nálgun á staðalmyndir og valdahlutföll kynjanna.

Táknmálið viðurkennt og staða íslenskrar tungu lögfest

Ný lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls festa í lög stöðu íslenskrar tungu og viðurkenna íslenskt táknmál sem fyrsta mál þess hluta heyrnarlausra, heyrnarskertra, daufblindra og afkomenda þeirra sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Þegar minnihlutastjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar tók við í febrúar árið 2009 gegndi Steingrímur J. Sigfússon embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra jafnhliða embætti fjármálaráðherra. Í maí 2009 tók Jón Bjarnason við embættinu og hefur gegnt því síðan.

Endurskoðun fiskveiðistjórnunar

Skípaður var starfshópur um endurskoðun fiskveiðistjórnunar vorið 2009 sem skilaði af sér að hausti 2010. Í framhaldi af því var hafin vinna við frumvarpssmíði sem síðan var sett í viðamiklð pólitískt samráð og var mælt fyrir nýjum heildarlögum um stjórn fiskveiða á Alþingi á liðnum vetri en afgreiðslu ekki lokið.

Strandveiðar

Sumarið 2009 samþykkti Alþingi að heimila frjálssar strandveiðar fjóra mánuði ársins. Landinu er skipt upp í fjögur svæði og takmarkast veiðar á hverju svæði við heildarafla sem allir strandveiðibátar þess svæðis mega koma með að landi. Heimildir í strandveiði voru auknar á nýliðnu sumri og nema nú samtals 8.500 tonnum af botnfiski, þorski og ufsa fyrir allt landið. Gæði strandveiðiafla eru talin sambærileg við annan afla dagróðrabáta og strandveiðin hefur verið lyftistöng mörgum smærri byggðalögum en löndunarhafnir strandveiðibáta eru yfir 60 talsins.

Aðrar aðgerðir í sjávarútvegi

Aflaheimildir í byggðakvóta hafa verið auknar, sett á álag á útflutning óunnins fisks en útflutningur á óunnum fiski var 41 þúsund tonn 2008/09, 25 þúsund tonn 2009/10 en aðeins 16 þúsund tonn 2010/11. Dragnótaveiðar á grunnslóð hafa verið takmarkaðar, sem og framsal aflaheimilda. Ný vinnubrögð hafa verið innleidd í úthlutun aflaheimilda, til dæmis á úthafsækju, skötusel, markríl og síld. Línuviltun hefur verið aukin og reglur um að allur afli skuli koma í land verið innleiddar. Unnið hefur verið að útflutningshagsmunum greinarinnar og ber þar hæst málefni saltfiskframleiðenda þar sem reglur innan Evrópusambandsins sköpuðu alvarlega stöðu í útflutningi. Fram til þessa hafa sértækar úthlutanir eins og strandveiði og byggðakvóti einungis lækkað aflamark í botnfisktegundum en reiknireglu vegna þessa er nú breytt þannig að allir aflamarkshafar leggi hér jafnt til. Þetta er verulegt framfaraskref samhliða því að sértækar úthlutanir nema nú um 18 þúsund tonnum en voru um 7 þúsund í lok síðasta kjörtímabils. Veiðigjald hefur verið hækkað og hluta þess er nú ráðstafað til byggðarlaga. Nýtingarstefna í þorski hefur verið yfirfarin og fest formlega í sessi.

Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar hefur verið lögð til grundvallar við úthlutun aflamarks og samræmi milli heildaraflamarks og ráðgjafar er meira en áður var.

Sjávarspendýr

Unnið hefur verið að skipulagningu hvalveiða þannig að þær eru nú bannaðar á ákveðnum svæðum sem ætluð er sérstaklega til hvalaskoðunar. Þá hefur ráðuneytið látið vinna skýrslu um þjóðhagslegt gildi hvalveiða. Selasetri Íslands á Hvammstanga hefur verið falin umsjón með rannsóknum á selastofninum við Ísland.

Makrílveiðar

Makrílgengd á Íslandsmið hefur farið vaxandi undanfarin ár en í upphafi kjörtímabils lá fyrir að hin strandríkin, Noregur, Færeyjar og ESB, viðurkenndu ekki rétt Íslands til makrílveiða. Það hefur nú breyst þannig að þau viðurkenna nú aðkomu Íslands að samningaborðinu, þó enn sé nokkuð í land að deilunni sé lokið. Innleiddar hafa verið reglur sem skylda útgerðir til að miða makrílveiðar sem allra mest við afurðir til manneldis og er árangurinn framar vonum þar sem yfir 90% afla fara nú til manneldisvinnslu. Jafnframt hefur aflahlutdeild ekki verið úthlutað en þess í stað leitast við að gefa sem flestum útgerðum og útgerðarflokkum kost á þessum veiðum.

Kvótamarkaður í mjólk

Í desember 2010 tók í fyrsta sinn til starfa opinber kvótamarkaður með greiðslumark mjólkur og hefur með því móti tekist að skapa aukið jafnvægi milli framboðs og eftirsurnar.

Viðbúnaður vegna eldgosa og skuldamála bænda

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur unnið að úrlausn á málefnum bænda sem lent hafa í vanda eftir náttúruhamfarir á suðausturhorni landsins, t.d. í gegnum bjargráðasjóð sem var efdur vegna hamfaranna. Þá hefur ráðuneytið unnið að lausn mála með fjármálastofnunum vegna skuldamála í greininni, svosem með því að hafa milligöngu um fundi .

Búvörusamningur varinn

Ríkisstjórn og Bændasamtökin náðu í upphafi kjörtímabils samkomulagi um að í óhjákvæmilegum niðurskurði ráðuneytisins yrði búvörusamningur varinn sem kostur er en hann tryggir kjör bænda og stuðlar að stöðugleika í verði til neytenda. Óhjákvæmilegur niðurskurður í landbúnaði hefur bitnað á öðrum sviðum.

Matvælamál

Innleiddar hafa verið reglur um hámark transítusýru í matvælum. Tekið er mið af þeim reglum sem bestar þykja í nágrennalöndum okkar og hefur transítusýra í matvælum verið bönnuð. Þá hafa verið settar reglur um erfðabreytt matvæli og fóður. Þær reglur lúta að merkingum og taka gildi í áföngum.

Atvinnuáttak

Á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana þess hafa verið boðin 70 fjölbreytt sumarstörf hjá stofnunum tvö ár í röð til þess að mæta samdrætti og atvinnuleysi, ekki síst meðal háskólanema.

Lagabætur

Þá hefur verið unnið að lagabótum á sviði jarðalaga, svínaræktar, laga um búfjárhald, dýravelferð og á fleiri sviðum. Lagafrumvörp þar um liggja nú fyrir til umsagnar og að hluta til hjá ríkisstjórn en koma væntanlega til almennrar kynningar og umræðu á komandi vetri.

Rýniskýrslur

Starfsmenn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hafa lagt í mikla vinnu vegna rýniskýrslna í landbúnaði og sjávarútvegi þar sem farið er yfir þann mun sem er á stjórnkerfi Íslands annarsvegar og ESB hinsvegar. Þá taka starfsmenn SLR þátt í samningahópum vegna sjávarútvegs-, landbúnaðar-, matvæla- og umhverfiskafla. Ljóst er að starfið er mjög umfangsmikið og útheimtir að haldið sé um íslenska hagsmuni á öllum stigum. Ráðherra og nánustu samstarfsmenn hans hafa fundað reglulega með aðilum innan stjórnkerfisins vegna þessara mála og fylgjast með gangi þeirra eftir því sem mögulegt er.

Umhverfisráðuneytið

Svandís Svavarsdóttir varð umhverfisráðherra 10. maí 2009, þegar meirihlutastjórn Vinstrireyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar tók til starfa.

Lög um náttúruvernd endurskoðuð

Nefnd um heildarendurskoðun náttúruverndarlaga var skipuð í nóvember 2010. Hún skilaði í september sl. af sér svokallaðri hvítbók, þar sem gerð er heildarúttekt á lagaumhverfi náttúruverndar á Íslandi, með hliðsjón af þeim lögum og reglum sem tíðkast erlendis, í því skyni að leggja grunn að smíði nýrrar og vandaðrar löggjafar. Er þetta í samræmi við vinnubrögð sem tíðkast við lagasmíði á Norðurlöndunum, en telst nýmæli hér á landi. Hvítbókin verður í opnu umsagnarferli til 1. desember nk. Að því loknu hefst vinna við gerð frumvarps um breytingar á náttúruverndarlögum þar sem efni hvítbókarinnar, umræðan á umhverfisþingi og framkomnar athugasemdir verða höfð til hliðsjónar. Er gert ráð fyrir því að nýtt frumvarp til breytinga á náttúruverndarlögum komi til kasta Alþingis vorið 2012.

Dagur íslenskrar náttúru haldinn hátíðlegur

Dagur íslenskrar náttúru var í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur 16. september 2011. Hugmyndin kviknaði réttu ári áður, á sjötugsafmæli Ómars Ragnarssonar, og stuttu síðar samþykkti ríkisstjórnin tillögu umhverfisráðherra um að koma deginum á lagginnar. Þessi fyrsti dagur íslenskrar náttúru tókst vel upp; stofnanir umhverfisráðuneytisins skipulögðu dagskrá í öllum landshlutum og fjöldi skóla notaði daginn til að fræða nemendur um mikilvægi náttúrunnar. Þá var mikið fjallað um dag íslenskrar náttúru í fjölmiðlum, þannig að vel tókst til við að minna landsmenn á mikilvægi náttúruverndar á þessum hátíðardegi, sem nú verður árviss.

Náttúruverndaráætlun samþykkt

Náttúruverndaráætlun 2009-2013 var samþykkt á Alþingi 2. febrúar 2010. Samkvæmt áætluninni á að halda áfram að byggja upp net verndarsvæða til þess að tryggja verndun tegunda, líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúru. Í áætluninni er lögð áhersla á friðun svæða sem hafa að geyma sjaldgæfar plöntutegundir og tegundir í hættu, en lagt er til að friðlýsing nái til þrettán svæða á tímabilinu. Þegar hefur verið ráðist í hluta þeirra friðlýsinga, t.d. stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs með friðlýsingu Langasjós og hluta Eldgjár.

Vatnajökulsþjóðgarður

Umhverfisráðherra samþykkti verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 28. febrúar 2011. Vatnajökulsþjóðgarður er umfangsmesta verkefni á sviði náttúruverndar sem ráðist hefur verið í héraðslendis en hann nær yfir 13% landsins. Stjórnunar- og verndaráætlunin felur í sér stefnu, markmið og framtíðarsýn þjóðgarðsins hvað varðar náttúruvernd, útivist og byggðarþróun. Þar er kveðið á um skipulag samganga í þjóðgarðinum, þjónustu við ferðamenn, náttúruvannsóknir og umhverfisvöktun

Dregið verður úr losun gróðurhúsalofttegunda

Í tengslum við loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn í desember 2009 gekk Ísland til samninga við Evrópusambandið um fulla þátttöku í aðgerðum ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012, en þá lýkur fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar. Var þetta talið einfaldara og skilvirkara en að halda til streitu svokölluðu íslenska undanþáguákvæði vegna takmarkana á losun gróðurhúsalofttegunda. Á grundvelli EES-samningsins hefði stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi fallið undir viðskiptakerfi ESB frá og með 1. janúar 2013. Það

væri flókið fyrir Ísland og íþyngjandi að þurfa að taka á sig tvíþættar skuldbindingar, í gegnum alþjóðlegt samkomulag annars vegar og EES-samninginn hins vegar. Með sameiginlegum skuldbindingum Íslands og ESB gagnvart nýju alþjóðasamkomulagi eftir 2012 er komið í veg fyrir slíkt og tryggt að sömu reglur munu gilda fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju á Íslandi og í öðrum ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu. Til að fylgja þessu eftir var frumvarp til laga vegna innleiðingar reglna um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) samþykkt á Alþingi 10. júní 2011. Með því voru settar nauðsynlegar reglur til þess að viðskipti með losunarheimildir geti hafist í síðasta lagi 1. janúar 2012 þegar allt flug til, frá og innan Evrópu fellur undir viðskiptakerfið.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var unnin af starfshóp á vegum umhverfisráðherra og samþykkt í ríkisstjórn haustið 2010. Áætlunin felur í sér að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um allt að 30% til ársins 2020 með tíu sk. lykilaðgerðum. Í kjölfar samþykktar aðgerðaáætlunarinnar var stofnaður samstarfshópur ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að hafa umsjón með að áætluninni sé hrint í framkvæmd, setja ný verkefni á fót og veita umhverfisráðherra upplýsingar og ráðgjöf. Hópurinn mun skila skýrslu til ríkisstjórnarinnar árlega um árangur við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Innleiðing Árósasamningsins

Alþingi samþykkti lög til fullgildingar Árósasamningsins á síðasta starfsdegi sínum í september sl. Felur þetta lokaskref í sér að almenningur hafi kæruleið í málum sem snerta umhverfi þess. Segja má að samningurinn tengi saman umhverfismál og mannréttindi þar sem hann byggist á því að fullnægjandi verndun umhverfisins sé nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til að hann geti notið grundvallarmannréttinda. Sérhver kynslóð eigi rétt á því að lifa í umhverfi sem sé fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hennar. Áður hafði almenningi verið tryggður með lögum aðgangur að upplýsingum og þátttaka í ákvarðanatöku í umhverfismálum, en aðgangur að réttlátri málsmeðferð er þriðja stoð samningsins. Í upphaflegum tillögum umhverfisráðuneytisins var gert ráð fyrir almennri málskotsheimild einstaklinga í tilteknum ákvörðunum stjórnvalda, þ.e. svokölluðu actio popularis þar sem einstaklingar hefðu ekki þurft að sýna fram á lögvarða hagsmuni tengda ákvörðuninni. Sú heimild var þrengd í meðförum þingsins, þannig að rétturinn væri færður umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtökum. Þó þetta sé nokkur þrenging frá þeirri hugmynd sem lagt var upp með, þá felast í þessu miklar úrbætur frá því sem hefur tíðkast til þessa.

Vatnatilskipun innleidd

Ný lög um stjórn vatnamála voru samþykkt 7. apríl 2011. Markmið laganna er að skapa grundvöll fyrir góða og skilvirka stjórnsýslu við stjórn vatnamála svo hægt sé að tryggja aðgang að góðu og heilnæmu vatni til framtíðar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Hér er um mikla hagsmuni að ræða bæði hvað varðar almenning og íslenskt atvinnulíf sem nýtir vatn í sinni framleiðslu, s.s. í matvælaframleiðslu, orkunýtingu, ferðaþjónustu, landbúnað og iðnað. Búið er að skipa Vatnaráð, sem fylgist með því að markmiðum laganna sé náð, og hafin er umfangsmikil vinna við framkvæmd laganna.

Ný skipulags- og mannvirkjalög

Ný lög um mannvirki tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið mannvirkjalaganna er að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytendavernd, gera stjórnsýslu mannvirkjamála sem skilvirkasta, auka

faglega yfirsýn í málaflokknum og tryggja samræmt byggingareftirlit um land allt. Með nýjum lögum var Mannvirkjastofnun sett á fót, en hún mun samræma byggingareftirlit í landinu og brunavarnir og mun til dæmis fara með aðgengismál, rafmagnseftirlit og rannsóknir á tjónum á mannvirkjum. Vinna við byggingareglugerð á grundvelli nýju laganna er á lokastigi.

Ný skipulagslög tóku gildi 1. janúar 2011. Lögin kveða á um fjölda nýmæla en markmið þeirra er að auka skilvirkni, sveigjanleika og gæði við gerð skipulags. Lögin gera ráð fyrir aukinni þátttöku almennings við gerð skipulagsáætlana og í þeim er kveðið á um landsskipulagsstefnu þar sem stjórnvöld móta heildstæða sýn í skipulagsmálum. Landsskipulagsstefnunni er ætlað að samþætta áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir að landsskipulagsstefna verði lögð fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi til 12 ára og að stefnan verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Vinna er hafin við undirbúning hennar og stefnt að kynningu fyrstu landsskipulagsstefnunnar seinni hluta árs 2012.

Utanríkisráðuneytið

Össur Skarphéðinsson varð utanríkisráðherra 1. febrúar 2009, þegar minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs tók til starfa og hefur gegnt því embætti síðan.

Aðildarviðræður

Unnið hefur verið að því að ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Alþingi samþykkti vorið 2009 tillögu utanríkisráðherra um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Í ítarlegu álit meirihluta utanríkismálanefndar er gerð grein fyrir mikilvægustu hagsmunum Íslands í samningum og settur fram leiðarvísir fyrir ráðherra og samninganefnd. Frá upphafi hefur verið fylgt ákveðnu ferli, samninganefnd var skipuð undir stjórn aðal-samningamanns og samningahópar hafa verið að störfum um hvern samningskafla.

Samningaferlið hefur gengið greiðlega og góð sátt er um hinn efnislega þátt viðræðnanna. Íslensk stjórnvöld hafa svarað spurningalistum ESB um íslenska löggjöf, farið var gegnum ítarlega rýnivinnu þar sem borin voru saman íslensk lög og regluverk Evrópusambandsins og formlegar samningaviðræður hófust 27. júní í sumar. Í árslok er verður búið að opna allt að helming samningskafla. Allar upplýsingar um ferlið eru jafnharðan birtar á Evrópuvef utanríkisráðuneytisins.

Málefni Norðurslóða forgangsmál

Málefni Norðurslóða hafa verið gerð að forgangsmáli í störfum utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðherra lagði fram stefnu Íslands í málefnum Norðurslóða sem var samþykkt af fulltrúum allra flokka á Alþingi á síðasta þingi. Stefnan miðar að því að tryggja hagsmuni Íslands með tilliti til áhrifa loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála, siglinga og samfélagsþróunar auk þess að efla tengsl og samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins.

Utanríkisráðuneytið hefur staðið vörð um rétt Íslands sem strandríkis á grundvelli stefnunnar og eflit samskipti við önnur norðurslóðaríki með samningum, heimsóknum og verkefnum. Fyrsti samningur norðurslóðaríkjanna var undirritaður á ráðherrafundi í Nuuk í maí um leit og björgun. Annar er í smíðum um vernd gegn olíuá.

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf hefur eflst á grundvelli Stoltenberg-skýrslunnar um aukið samstarf Norðurlandanna. Samsvarandi skýrsla um samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja var gerð og unnið út frá tillögum þessara skýrslina til að efla samstarf á mörgum sviðum, rekstri og sameiginlegum stefnumálum.

Markaðssetning á Íslandi

Íslandsstofu var komið á fót til að sameina krafta á Íslandi, hjá ríkisvaldinu og atvinnulífnum, til að styðja við markaðssókn íslenskra fyrirtækja, endurheimta orðspor eftir efnahagshrun og koma í veg fyrir að tjónið sem hrunið olli kæmi niður á ferðamannastraumi og markaðsstarfi útflutningsfyrirtækja.

Þróunarsamvinna

Þróunarsamvinnuáætlun til ársins 2014 – hin fyrsta í sögunni – var samþykkt einróma á Alþingi þar sem stefnumótun í þróunarmálum er kynnt með tímasettri áætlun um að Ísland verji 0,7 prósentum af þjóðartekjum til þróunarmála. Verklagsreglur um stuðning við frjáls félagasamtök hafa verið samþykktar og neyðaraðstoð verið veitt til þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á hamförum af völdum náttúrunnar og mannlegra afla. Þátttaka Íslendinga í friðargæslu er eingöngu með borgaralegum sérfræðingum.

Þjóðaröryggisstefna

Alþingi samþykkti á síðasta þingi tillögu utanríkisráðherra um mótun þjóðaröryggisstefnu, hinnar fyrstu, sem byggir á hættumatsskýrslunni sem kom út vorið 2009. Unnið er út frá viðtæku öryggishugtaki. Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu mun taka fyrir friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum. Varnarmálastofnun var lögð niður og þeim verkefnum hennar sem fram var haldið, er nú sinnt hjá Landhelgisgæslunni og Ríkislögreglustjóra.

Málefni Palestínu

Ríkisstjórnin hefur stutt við sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna, utanríkisráðherra hefur heimsótt Gaza og Vesturbakkann og lýst yfir stuðningi við aðild Palestínumanna að Sameinuðu þjóðunum. Utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um að Ísland lýsi yfir viðurkenningu á Palestínu sem sjálfstæðu ríki.

Baráttan gegn loftslagsbreytingum

Baráttan gegn loftslagsbreytingum hefur verið forgangsmál og Íslendingar hafa stutt að alþjóðasamfélagið komi sér saman um bindandi samkomulag til að hefta útblástur gróðurhúsalofttegunda. Þekking Íslendinga á endurnýjanlegum orkugjöfum hefur verið komið á framfæri við fjölda ríkja sem hafa möguleika á nýtingu jarðhita og vatnsafls og hvatt fyrir viðskiptum milli ríkja á því sviði.

Mannréttindi

Íslensk stjórnvöld beita sér með ýmsum hætti fyrir mannréttindum og gegn mannréttindabrotum. Íslendingar styðja alls staðar aukinn rétt og frelsi kvenna og halda á lofti ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Íslendingar styðja baráttuna gegn hvers kyns mismunum og beita sér gegn dauðarefsingum og ómannúðlegri framkomu ríkisvalds við þegna sína. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að takast á við hvers kyns misnotkun á grundvelli kynhneigðar og stutt við baráttu samkynhneigðra fyrir jöfnum rétti.

Kjarnorkuafvopnun

Ísland hefur skipað sér í flokk ríkja sem leggur áherslu á kjarnorkuafvopnun og komið þeirri stefnu á framfæri innan þeirra bandalaga sem Ísland á sæti í, s.s. ÖSE og Atlantshafsbandalagsins. Hvarvetna er lögð áhersla á friðsamlega lausn deilumála og talað fyrir afvopnun.

Velferðarráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið runnu saman í Velferðarráðuneytið 1. janúar 2011. Vegna breytinga sem orðið hafa á ráðuneytunum hafa alls fimm ráðherrar gegnt embættunum á kjörtímabilinu. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Árni Páll Árnason voru félags- og tryggingamálaráðherrar og Ögmundur Jónasson og Álfheiður Ingadóttir voru heilbrigðisráðherrar. Guðbjartur Hannesson tók við báðum embættum í september 2010 og sameinuðu ráðuneyti 1. janúar 2011.

Húsnæðismál og skuldavandi heimilanna

Glíman við skuldavanda heimilanna er eitt mikilvægasta verkefni þjóðarinnar og engin ríkisstjórn í Vestur-Evrópu hefur gripið til jafn víðtækra aðgerða til hjálpar skuldugum heimilum og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Gert er ráð fyrir að þegar skuldahreinsun heimila er lokið hafi um 200 milljarðar króna verið afskrifaðir. Þúsundir heimila hafa nýtt sér þau fjölmörgu úrræði sem boðið hefur verið upp á til leiðréttingar og afskrifta skulda, enda hafa þær bæði verið almennar og sértækar.

Embætti umboðsmanns skuldara er nýmæli á Íslandi. Meginmarkmið umboðsmanns er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluerfiðleikum og auðvelda þeim að koma greiðsluþyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara hefur hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi.

Tímamót urðu hvað varðar réttarstöðu skuldara með setningu laga um greiðsluaðlögun. Markmið með greiðsluaðlögun er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fjórsjúanlega framtíð.

Engin tvö skuldavandamál eru eins og hefur þurft fjölmörg úrræði og aðgerðir til að mæta vandanum, enda hefði engin almenn aðgerð náð því. Nokkur eru nefnd hér; tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, tímabundið úrræði fyrir einstaklinga með tvær fasteignir, sértæk skuldaaðlögun, 110% leiðin fyrir yfirveðsett heimili, sértæk skuldaaðlögun, hækkun hámarks vaxtabóta, ný tímabundin vaxtaniðurgreiðsla, sérstök 0,6% vaxtaniðurgreiðsla og sérstakt átak til að ná til þeirra heimila sem eru í vanskilum en sinna ekki áminningum.

Stjórnvöld hafa nú unnið húsnæðisstefnu í víðtæku samráði fjölmargra aðila og þverpólískri samstöðu. Lagt er til að almennur leigumarkaður verði stórefldur til að koma sem valkostur við séreignastefnuna. Ein megintillaga er að teknar verði upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsa-leigubóta til að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða. Meginreglan skuli vera sú að ríkið greiði almennan húsnæðisstuðning en sveitarfélögin veiti sérstakan húsnæðisstuðning vegna félagslegra aðstæðna.

Dregið úr vægi verðtryggingar

Mikilvægt skref var stigið á septemberþingi til að draga úr vægi verðtryggingar. Breytingar sem samþykktar voru á lögum um húsnæðismál gefa Íbúðalánasjóði heimild til að veita óverðtryggð lán.

Vinumarkaðsmál

Í kjölfar efnahagshrunsins náði atvinnuleysi á Íslandi hámarki í mars árið 2009 þegar 9,3% landsmanna voru án atvinnu. Nú er atvinnuleysi 6,7% og búist við að sú tala fari lækkandi. Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og fjölmörg sveitarfélög hafa lagt samna krafta sína til að mæta því böli sem atvinnuleysi er. Ljóst er að atvinnuleysi er mest í hópi ungs fólks með litla menntun umfram grunnskólapróf sem og í hópi fullorðinna sem sömuleiðis hafa litla eða takmarkaða menntun. Þá glímur vaxandi hópur við langtímaatvinnuleysi. Aðgerðir stjórnvalda beinast sérstaklega að þessum hópum:

Ungt fólk til athafna (UFA): Með átakinu er markmiðið að aldrei skuli líða meira en þrjú mánuðir frá því að einstaklingur á aldrinum 16 - 29 ára verður atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verðugum verkefnum.

Þekking og reynsla (ÞOR): Markmiðið með átakinu er að virkja þann hóp einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir í þrjú mánuði eða lengur til þátttöku í fjölbreytilegum vinnumarkaðsúrræðum.

Nám er vinnandi vegur: Rúmlega 1.100 atvinnuleitendur hófu nám í haust á grundvelli átaksins og um 1.040 ungmenni yngri en 25 ára hafa skráð sig í framhaldsskóla í tengslum við átakið. Að samningnum standa stjórnvöld, framhaldsskólar og háskólar.

Heilbrigðisþjónusta

Í þeim aðhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til í heilbrigðiskerfinu hefur sérstaklega verið horft til þess að hlífa heilsugæslustöðvum við niðurskurðarkröfu og ýmsir hlutar hennar verið eflir.

Ákveðið var að ráðast í viðtækt samráð við heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús í landinu. Mikilvægt er að dreifing fjármuna og þjónustu heilbrigðiskerfisins endurspegli raunverulegar þarfir skjólstaðinga þess, en ekki kerfisins sjálfs. Mikil vinna hefur átt sér stað í sérstökum ráðgjafahópi ráðherra þar sem nákvæm greining á útgjöldum til heilbrigðismála er gerð, skoðað hvernig verkefnum er dreift um landið, þeim forgangsraðað og hvernig fjármunum er varið og ætti verja.

Málefni aldraðra

Framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimila í samræmi við áætlun stjórnvalda eru þegar hafnar í fjórum sveitarfélögum; á Akureyri (45 rými), í Borgarbyggð (32 rými), Garðabæ (60 rými) og Mosfellsbæ (30 rými). Alls eru þetta 167 hjúkrunarrými. Í öðrum sveitarfélögum; Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Fljótsdalshéraði og Kópavogi, er unnið að undirbúningi framkvæmda. Með varðstöðu um heilsugæsluna og sérstökum framlögum á fjárlögum til heimahjúkrunar hefur öflugur starfi heimahjúkrunar verið viðhaldið. Samvinna heimaþjónustu og heimahjúkrunar um landið fer sívaxandi enda hefur samþætt þjónusta þessara aðila sannað gildi sitt.

Endurskoðun almannatrygginga

Starfshópi hefur verið falið að endurskoða almannatryggingakerfið og er ætlað að skila drögum að frumvarpi að nýjum lögum um lífeyristryggingar fyrir lok þessa árs. Viðamiklar upplýsingar

og greiningar á almannatryggingakerfinu liggja fyrir og byggir vinna hópsins á þeim. Rammi um helstu efnisþætti nýs frumvarps til laga um lífeyristryggingar hefur þegar verið mótaður.

Hlutverk sveitarfélaga í velferðarþjónustu

Málefni fatlaðs fólks var flutt frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Sveitarfélög bera nú ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlaða, þar með talið gæðum þjónustunnar og kostnaði vegna hennar. Einnig annast sveitarfélögin innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- og þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar. Mikil samvinna er milli ríkis og sveitarfélaga um málefni barna og má þar m.a. nefna aðgerðaráætlun í málefnum barna- og ungmenna sem unnið hefur verið að frá árinu 2007.

Stefnt er að flutningi málefna aldraðra til sveitarfélaga árið 2013 og er undirbúningur hafinn.